

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2016
Hótel Stykkishólmi, kl. 13.00-17.00, 15. apíl 2016

Bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, samstarfsfólk og góðir gestir.

Það er mér mikill ánægja að ávarpa ársfund Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands sem haldinn er að þessu sinni í Stykkishólmi. Í þessum mánuði eru 10 ár frá því að Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi hóf starfsemi sína og er því við hæfi að halda ársfundinn hér.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands var sett á fót upp úr síðustu aldarmótum og fyrsta rannsóknasetrið hóf starfsemi á Höfn í Hornafirði í nóvember 2001. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi hóf svo starfsemi í apríl 2006 eins og áður sagði og frá upphafi hafa rannsóknir á fuglum verið í forgrunni. Rannsóknir á æðarfugli hófust 2007 og hefur æður verið í aðalhlutverki í rannsóknnum setursins síðan. Jón Einar Jónsson, sem tók við sem forstöðumaður rannsóknasetursins af Tómasi Grétari Gunnarssyni 2009, mun í fyrirlestri sínum hér á eftir gera betur grein fyrir rannsóknunum. Rannsóknasetrið á Snæfellsnesi var þriðja rannsóknasetur háskólans sem sett var á fót á landsbyggðinni. Nú er svo komið að við Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands starfa 27 starfsmenn í 19 stöðugildum við sjö rannsóknasetur á níu starfsstöðvum um landið. 13 eru í fullu starfi en hluti af starfsliði setrana er verkefnaráðið starfsfólk og nemendur á meistara- og doktorsstigi. Þróun Háskóla Íslands og breytingar í starfsemi hans, svo sem aukin áhersla á rannsóknir og vísindi sem og efling meistara- og doktorsnáms við Háskóla Íslands, hefur mótað þróun rannsóknasetrana.

Að mínu mati hafa rannsóknasetur Háskóla Íslands sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og sem mikilvægur þáttur í að auka tengsl skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga víða um land. Með starfsemi Rannsóknasetranna vill Háskóli Íslands leggja sitt af mörkum við þróun fjölbreytts atvinnulífs og mannlífs og tryggja að rannsóknastörf fari fram víða um land. Þannig eru rannsóknasetur Háskóla Íslands mikilvægur hlekkur í þeirri keðju þekkingar- og verðmætasköpunar sem Háskóli Íslands vill stuðla að, ekki síst nú á tímum mikilla breytinga í byggða- og atvinnumálum.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands setti sér metnaðarfulla stefnu á síðasta ári. Með stefnumótuninni var skerpt á hlutverki Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og skýr framtíðarsýn um enn frekari eflingu rannsókna, stífari sjóðasókn og fjölgun starfsfólks sett á oddinn. Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Háskóla Íslands um starf Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands frá árinu 2013 hefur reynst starfseminni gríðarlega mikilvægur. Með samningnum var eytt árlegri óvissu sem áður ríkti í kringum afgreiðslu fjárlaga og stofnuninni gert kleift að skipuleggja starfsemi sína til lengri tíma. Samningurinn renndi þannig styrkari stoðum undir þennan mikilvæga þátt í starfi Háskóla Íslands og hefur Stofnun rannsóknasetra nýtt samningstímamann til að efla og þróa starf sitt. Ég vil þakka mennta- og menningarmálaráðherra sem og ráðuneytinu fyrir stuðning og skilning á mikilvægi starfsemi rannsóknasetranna um land allt og þakka fyrir rausnarlega aukafjárveitingu til eflingar starfsemi skólans á landsbyggðinni sem gerir okkur kleift að þokast nær því markmiði Stofnunar rannsóknasetra að fækka og síðar fjölga störfum við setur sem nú hafa aðeins einn fastan starfsmann. Við berum nokkrar væntingar til viðræðna um áframhald samningsins sem rennur út í lok þess árs.

Auk framlags hins opinbera í gegnum fyrrnefndan samning mennta- og menningarmálaráðuneytisins leggur Háskóli Íslands starfsemi rannsóknasetranna til af fjárveitingu sinni. Háskólinn hefur staðið vörð um starfsemi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands með því að forgangsraða innan sinna fjárveitinga í þágu starfseminnar á landsbyggðinni. Sértekjur eru einnig verulegur hluti af heildartekjum stofnunarinnar.

Til marks um það og þróun rannsóknasetra Háskólans hafa rannsóknasetur hans hlotið fjóra verkefnastyrki úr Rannsóknasjóði Vísinda-og tækniráðs á síðustu þremur árum í mjög harðri samkeppni. Nú síðast hlaut Ragnar Edvardsson, sérfræðingur við Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum ásamt samstarfsfólki sínu, styrk til verkefnisins "*Allen die willen naa Island gaan*", Verslun og hvalveiðar Hollendinga á Íslandi á 17. og 18. öld. Ég nefni þetta sem dæmi því árangur sjóðasóknar starfsfólks rannsóknasetranna er ekki sjálfgefinn. Hann er afrakstur áralangrar vinnu og einurðar við rannsóknir og skrif styrkumsókna í afar harðri innlendri og erlendri samkeppni. Ég óska því vísindafólki okkar hjartanlega til hamingju með þennan árangur. Styrkveitingarnar eru til marks um gæði rannsóknastarfs rannsóknasetra Háskóla Íslands á landsbyggðinni og þá möguleika sem í starfsemi rannsóknasetranna búa.

Þá hafa einstök sveitarfélög einnig aukið fjárhagslegan stuðning sinn við rannsóknasetrin og vil ég þakka sérstaklega bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar, Skagastrandar, Hornafjarðar og Norðurbings fyrir þeirra velvilja og stuðning við rekstur rannsóknasetra Háskóla Íslands á hverjum stað. Þá vil ég einnig þakka bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs en með stuðningi sveitarfélagsins var sett á laggirnar rannsóknaverkefni til tveggja ára á Austurlandi á síðasta ári sem miklar vonir eru bundnar við að verði að varanlegri starfsemi á Austurlandi.

Kæru ársfundargestir,

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi er gott dæmi um hve miklum árangri er hægt að ná með samhentunni áttaki háskólans og samstarfsaðila hans, sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Aðalviðfangsefnið rannsókna setursins hafa t.d. byggt á samstarfi við æðarbændur og Æðarræktarfélag Íslands. Ánægjulegt samstarf hefur verið við Náttúrustofu Vesturlands sem ásamt rannsóknasetrinu er til húsa í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar. Þá hefur sveitarfélagið lagt sitt af mörkum við uppbyggingu setursins og kunnum við því kærar þakkir fyrir. Nú eru tveir fastir starfsmenn við rannsóknasetrið hér og árlega er ráðið tímabundið starfsfólk, bæði framhaldsnemar og sumarstarfsmenn í einstaka rannsóknaverkefni. Afköst og gæði rannsókna sem stundaðar eru við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi eru mikil og er þar samstarf við fyrrnefnda aðila og fleiri afar mikilvægt. Ég óska rannsóknasetrinu hjartanlega til hamingju með 10 ára afmælið um leið og ég óska þeim velfarnaðar í áframhaldandi verkefnum.

Mig langar að lokum að þakka ykkur öllum fyrir að koma, mörg hver langt að, og heimamönnum vil ég þakka fyrir sérstaklega góðar móttökur. Um leið vil ég færa öllu starfsfólki Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og ráðgefandi nefnd stofnunarinnar kærar þakkir fyrir þeirra ómetanlega starf á liðnu ári um leið og ég óska ykkur alls hins besta á nýju starfsári.